



Innviðaráðuneytið
B.t. Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála
Sent rafrænt á irn@irn.is

Borg, 5. apríl 2023

Efni: Bókun sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps bókaði á fundi sínum 5. apríl 2023 eftirfarandi:

Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 72/2023, „Drög að stefnu í málefnum sveitarfélaga (hvítbók)“.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps fagnar markmiðum ríkisins um að gera sveitarfélögin í landinu betur í stakk búin til að sinna lögbundnum skyldum sínum, takast á við aukna ábyrgð og áskoranir til framtíðar með stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum sveitarfélaga.

Í hvítbókinni í málefnum sveitarfélaganna er talsvert fjallað um sameiningar og vill sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps líkt og áður hvetja innviðaráðuneytið og aðra sem koma að málefnum sveitarfélaganna að virða sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga sem og lýðræðislegan rétt íbúa til að ákveða sjálfir hvernig best er að haga sveitarfélagaskipan á hverju svæði. Sameining sveitarfélaga getur verið góður valkostur, en meginatriði er að hún verði á grundvelli ákvörðunar íbúanna sjálfra með lýðræðislegum kosningum.

Sveitarstjórn telur það jákvætt að skilgreina eigi lágmarks þjónustu sveitarfélaga.

Sveitarstjórn tekur heilshugar undir það að fyrir liggi frekari skilgreining á hugtakinu búsetufrelsi til að auðvelda raunhæfa nálgun þess.

Sveitarstjórn telur að í vinnu við skoðun á því hvort ástæða sé til breytinga á lögum um lögheimili og aðsetur þurfi að hafa í huga að skipulagsvald sveitarfélaga er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar þeirra og er það aðalskipulag sveitarfélaganna sem ræður því hvar heimilt er að skrá lögheimili samkvæmt gildandi lögum.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps leggur áfram ríka áherslu á að þegar skoðaðar verða hugmyndir um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga til að eyða gráum



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

svæðum þurfi að hafa viðtækt samráð og vanda betur til verka heldur en hefur hingað til verið gert við yfirfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga, sbr. yfirfærsluna á málefnum fatlaðs fólks.

Virðingarfyllt,
f.h. sveitarstjórnar


 SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS

Iðna Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri